



## Hreppsnefnd 11. janúar 2001

Fundur haldinn í hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 11. jan 2001 kl 1600 í Miklagarði. Mættir: Hafþór Róbertsson, Emil Sigurjónsson, Björn Heiðar Sigurbjörnsson, Ólafur Sigmarsson, oddviti, Árni Róbertsson, Steindór Sveinsson, Aðalbjörn Björnsson. Jafnframt var mættlur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar og því næst var gengið til dagskrá.

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 21. des. sl. Fundargerðin rædd og síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Atvinnuþróunarsjóður Austurlands, bréf dags. 22. des. s. varðandi styrk. Sveitarstjóri skýrði frá umsókn um styrk til Vopnafjarðarhrepps og Tanga hf úr verkefninu "Þekking eflir atvinnlíf" sem Atvinnuþróunarfélaga Austurlands veitir. Styrkinn á að nota til að kanna viðskiptahugmyndir um niðursuðu á loðnu.

Tilkynnt var að sjóðurinn veiti 350,000 kr. styrk til verkefnisins með þeim fyrirvara að styrkir sjóðsins geti aldrei verið hærri en 50% af heildarkostnaði við verkefnið. Sótt var um 900.000 kr. Styrkveitingin gildir til 30. júní árið 2001 og fellur hún niður eftir þann tíma ef verkefnið er ekki hafið. Mikil umræða var um atvinnu og þörf fyrir fjöldbreyttari atvinnumöguleika á Vopnafirði.

3. mál. Félagsmálaráðuneytið, bréf dag. 18. des. sl. varðandi jöfnunarframlög. Bréf frá félagsmálaráðuneytinu og hjálagt reglur og yfirlit yfir útreikning á greiðslum og framlags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fólksfækkunnar í sveitarfélagunum einnig um tekjujöfnunarframlag. Lagt fram til kynningar.

4. mál. Hagstofa Íslands mannfjöldi á Íslandi 1. des. 2000. Tafla yfir mannfjölda á Íslandi. Lögð fram til kynningar.

5. mál. Lántökur. Sveitarstjóri skýrði frá því að Gengið hafi verið frá langtímaláni að fjárhæð 10. millj. hjá Landsbnaða Íslands. Hreppsnefnd staðfestir lántökuna.

6. mál. Fjárhagsáætlun Vopnafjarðarhrepps, Hafnarsjóðs og Félagslegra íbúða fyrir árið 2001. Fyrri umræða. Rekstrartekjur áætlaðar 164,6 millj. Rekstrargjöld 121.7, 73% af skatttekjum. Um 10,6 millj. ættu að vera í rekstrarafgang samkv. áætluninni.

Önnur mál: a) Rætt var um tilhögun á danskennslu nemenda skólans.

b) Rætt um gjaldskrá leikskólans. Síðan var lögð var fram svohljóðandi tillaga:

"Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps samþykkir að hækka gjaldskrá leikskólans þannig að gjald fyrir 4 tíma vistun verði 6.000 kr. og gjald fyrir aðra flokka hækki í sama hlutfalli. Gjaldskrá fyrir fæði haldist óbreytt. Gjaldskrárhækkunin taki gildi frá 1. febr. n.k." Tillagan samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir og þakkaði oddviti funarmönnum góða fundarsetu og sleit síðan fundi.